

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar

Kennarar: Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir

Tímafjöldi: 3 kst. á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Samþætting við efni Byrjendalæsis, Halló heimur 1 og 2, Komdu og skoðaðu land og þjóð. Verkefni um Egil Skallagrímsson, Uppeldi til ábyrgðar, Verkfærakistan og verkefni tengd Leiðsagnarnámi ásamt gagnvirkum efni af völdum vefsíðum.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann	Að nemandi: - geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi, - geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni, - komi auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið, - geti bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins, - sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar, - þjálfist í að lýsa samhengi orða, athafna og afleiðinga, - geti sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu, - átti sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna, - varist hættur á heimili sínu og í nágrenninu, - geti sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi, - veldi fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika, - geti bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu, - bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu.	- Aðferðir byrjendalæsis. - Innlögn, umræður og verkefnavinna í hópum og einstaklingslega. - Vettvangsferðir.	Námsframvinda og staða nemenda metin jafnóðum í daglegu starfi (umræður, vinnubækur og vinnubrögð)

Hugarheimur - Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum	Að nemandi: • geti bent á gildi jákvæðar viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig, • geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti, • þjálfist í að setja sér markmið og gera áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna, • þjálfist í að gera sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur, • geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans, • átti sig á og lýsi ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði, • geti sett sig í spor annarra jafnaldra.	• Umræður á bekkjarfundum. • Verkefni og leikir. • Uppbygging	• Námsframvinda og staða nemenda metin jafnóðum í daglegu starfi ásamt þátttöku í umræðum.
Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	Að nemandi: • þjálfist í að taka þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi, • tjái þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti, • geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna, • geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi, • átti sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og beri virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum, • átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum, • geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur, • þjálfist í að hlusta á og greina að, ólíkar skoðanir, • geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, • setji sig inn í málefni nærsamfélagsins.		
Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D			